

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík 3. maí 2018

**Efni: Umsögn um þingályktun að stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, mál nr. 479**

Samtök ferðapjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér tillögu að stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (Landsáætlun) og fagna því að þetta mikilvæga mál skuli komið í farveg. Telja Samtökin að þetta sé jákvætt skref og að Landsáætlunin muni eiga eftir að þróast og verða mikilvægt stýritæki við það mikilvæga verk, annars vegar að verðveita náttúru landsins og menningarsögulegar minjar og hins vegar að tryggja jafnvægi verndunar og nýtingar þessara auðlinda til atvinnusköpunar og upplifunar fyrir gesti jafnt sem heimamenn.

Ljóst er að á mörgum ferðamannastöðum og svæðum er hlutverk umsjónaraðila óskilgreint. Samtökin lýsa ánægu með að til standi er að tekið verði á því með skipulegum hætti. Margar ríkisstofnanir koma að málum, sveitarfélög, landeigendur, frjáls félög o.fl. Stofnun skilvirkrar þjóðgarðastofnunar ætti að stórum hluta að geta einfalað slíka vinnu.

Fjármagn það sem áætlað er að fari á næstu þrem árum í Landsáætlunin að viðbættu fé til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða samsvara því sem vænta má að aflies gegnum innheimtu gistináttagjalds sem var þrefaldað í september 2017. Þó þetta séu talsverðar upphæðir er ljóst að þörfin í verkefni Landsáætlunar er mun meiri og full þörf á að bæta í til að ná að byggja hraðar upp á næstu árum. Þá vilja Samtökin vara við því að fjármunir frá Landsáætlun verði til að draga úr fjárveitingum til þeirra stofnanna sem ábyrgð bera á mismunandi svæðum, frekar er ástæða til að styðja betur við ábyrgðaraðila til að auðlindirnar spillist ekki.

**Tengsl við önnur verkefni hins opinbera**

Samtökin eru almennt sátt við þá hugmyndafræði og áherslur sem fram koma í tillögunni, en vilja leggja áherslu á að unnið verði að samræmingu og samhæfingu við aðrar áætlanir og verkefni sem unnið er að. Má þar nefna að Landsáætlun og Samgönguáætlun þurfa að vera samræmdar m.t.t. heildarmyndar og hagkvæmni rekstrar. Sem dæmi má nefna að meðal verkefna Vegagerðarinnar eru reiðleiðir sem einnig eru verkefni Landsáætlunar eins og staðan er í dag. Tryggja þarf að verkefni tengd hjólaleiðum, gönguleiðum og áningastöðum við þjóveginn séu á einum stað, t.a.m. innan Vegagerðar þar sem umsjón og framkvæmdir eru allar vistaðar innan samgönguáætlunar.

Einnig þarf að hafa í huga tengingar við aðrar opinberar áætlanir og stefnur t.a.m. um vernd náttúru og menningarminja og byggðastefnu. Samtökin vilja benda á að verið er að vinna áfangastaðaáætlunir (DMP) á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála, sem verður mikilvægur grunnur að þeim verkefnum sem Landsáætlunin mun beita sér að. Mikilvægt er að slíkar áætlanir tengist fyrirliggjandi landsáætlun með beinum hætti.

## **Stýringar verði settar í forgang**

Samtökin taka undir og hvetja til að sem fyrst verði farið í að móta skilvirkar leiðir til stýringa á aðgengi ferðamanna um viðkvæm svæði með hliðsjón af ákvæðum um almannarétt. Stýringarnar eru ekki síður mikilvægar með tilliti til öryggismála. Með aukinni vetrarferðamennsku hafa komið upp nýjar áskoranir sem takast þarf á við, ekki síst hvað varðar öryggismál, bæði með tilliti til forvarna og lokana. Mikilvægt er að ná góðu og víðtæku samtarfi til að árangur náist og stýringin stuðli að sjálfbærni. Nú þegar eru til upplýsingar sem byggja má á, en efla þarf rannsóknir og þekkingu sem byggja undir þær ákvarðanir sem taka þarf.

## **Verkþekking, hönnun og viðhald**

Samtökin vilja sérstaklega fagna því að í tillögunni er gert ráð fyrir að stuðlað verði að aukinni fagþekkingu á sviði hágæða innviðauppbyggingar og tryggt verði að aðgengi að slíkri þekkingu verði tryggt. Hönnun, yfirbragð og efnisval þarf að fara saman við upplifun, notagildi og endingu.

Það er ekki nóg að byggja upp innviði á ferðamannastöðum, það þarf einnig að tryggja rekstur og viðhald. Skýr stefna um rekstur, viðhald og fjármögnun er nauðsynleg. Víða þar sem innviðir hafa verið byggðir upp hefur sárlega skort á að þeim sé haldið við, þeirri þróun þarf að breyta.

## **Ferðaleiðir**

Ferðleiðir fá ekki mikla athygli í þessari fyrstu áætlun og er það að vissu leiti skiljanlegt en samtökin vilja samt benda á að ferðaleiðir eru mjög mikilvægur hluti ferðamennsku um landið. Vænta samtökin þess að frekar verði unnið með þær í komandi vinnu við Landsáætlun.

Samtökin áskilja sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Anna G. Sverrisdóttir